Lagt fram af iðn.viðsk.ráðuneyti. 7/4 97

DRÖG 07.04.1997.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121/1435
komudagur 8/4 1997

**Breytingartillögur**
**við frumvarp til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.**

1. Í stað orðanna "0,85 % af verðmæti" í 6. tl. 1. mgr. 5. gr. komi "0,75% af áætluðu verðmæti".

2. Við 2. gr.
   Ný málsgrein bætist við greinina svohljóðandi:

"Ríkisstjórninni er heimilt að láta flytja núverandi veg af fyrirhugaðri verksmiðjulóð álbræðslunnar á Grundartanga í samræmi við skipulag á svæðinu."

3. Við 4. gr.
   Ný málsgrein bætist við greinina svohljóðandi:

"Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannhreppi er heimilt þrátt fyrir ákvæði byggingarlaga nr. 54/1978 með síðari breytingum að stofna sjálfstæða sameiginglega byggingarnefnd til þess að fjalla um öll byggingarmál álvers félagsins á Grundartanga svo og allt byggingareftirlit meðan á framkvæmdum þess stendur. Byggingarnefndinni er heimilt að ráða sérstakan byggingarfulltrúa meðan á framkvæmdum stendur og skal að öðru leyti fara að ákvæðum byggingarlaga."